



REGLUGERÐ UM ÍSLANDSMÓT Í HOLUKEPPNI Í UNGLINGAFLOKKUM

1. kafli

1. gr.

GSÍ gengst árlega fyrir Íslandsmóti í holukeppni í unglingaflokkum.

2. gr.

Stjórn GSÍ skal auglýsa mótið og hafa yfirumsjón með framkvæmd þess. Stjórn GSÍ skal skipa mótsstjórn í samráði við klúbbinn þar sem mótið fer fram a.m.k. einum mánuði fyrir mótið. Viðkomandi klúbbur skal skipa a.m.k. einn dómara og leggja dómurum og mótsstjórn til golfbíla, talstöðvar eða önnur fjarskiptatæki og sjá um kostnað vegna mótsstjórnar og dómara. Skipaður dómari þarf að hafa landsdómararéttindi. Framkvæmd mótsins skal vera í samræmi við lágmarkskröfur í viðauka I.

3. gr.

Stjórn GSÍ ákveður þáttökugjöld sem renna til klúbbsins þar sem mótið fer fram.

GSÍ á allan rétt gagnvart ljósvakamiðlun frá Íslandsmóti. Klúbburinn þar sem mótið fer fram skal útvega fjölmiðlum viðeigandi aðstöðu í klúbbhúsi. Stjórn GSÍ hefur rétt til að kynna samstarfsaðila sína á þeim golfvöllum sem Íslandsmót fer fram, í formi skilta, með fánum eða öðrum þeim hætti sem stjórn GSÍ ákveður. Þá skal merki GSÍ ávallt koma fram á öllu því efni sem útgefið er í sambandi við Íslandsmót og jafnframt vörumerki þeirra aðila sem eru samstarfsaðilar GSÍ að mótinu.

4. gr.

Mótsstjórn ákveður skráningarfrest, en getur þó heimilað þátttöku berist tilkynning síðar, enda hafi hámarksfjölda leikmanna ekki verið náð. Leikmenn sem voru skráðir við lok fyrri skráningarfrests skulu þá hafa forgang varðandi þátttöku gagnvart þeim sem eru skráðir síðar.

Verði umfram skráning skulu umfram leikmenn, sbr. röðun í 7. grein, skráðir á biðlista. Leikmönnum á biðlista skal boðin þátttaka verði forföll fram að 1. umferð mótsins.

5. gr.

Almennir keppnisskilmálar og almennar staðarreglur, sem stjórn GSÍ setur, skulu gilda í mótinu. Mótsstjórn getur þó auglýst viðbætur og frávik ef þörf krefur. Jafnframt skal hún hafa eftirlit með merkingum vallar og holustaðsetningum og getur ákveðið breytingar. Þá getur mótsstjórn ákveðið að fresta umferð eða umferðum vegna veðurs. Staðarreglur og keppnisskilmálar skulu vera fyrir hendi þegar á fyrsta æfingadegi.



Öll notkun tóbaks, þ.m.t. munntóbaks er bönnuð í klúbbhúsum og á keppnisvelli.

6. gr.

Þáttökugjöld skulu greidd við skráningu. Þáttökugjald fæst einungis endurgreitt séu forföll boðuð eigi síðar en kl. 18:00, þremur dögum fyrir fyrsta keppnisdag.

2. kafli

7. gr.

Þáttökurétt hafa (a) íslenskir ríkisborgarar og (b) erlendir kylfingar eftir a.m.k. þriggja ára samfellda búsetu hérlandis. Þátttakendur skulu vera félagar í golfklúbbi innan vébanda GSÍ.

Keppt skal í eftirtöldum flokkum:

Stelpnaflokkur	12 ára og yngri, hámarksforgjöf 40,0
Stelpnaflokkur	13-14 ára, hámarksforgjöf 32,0
Telpnaflokkur	15-16 ára, hámarksforgjöf 20,0
Stúlknaflokkur	17-18 ára, hámarksforgjöf 15,0

Strákaflokkur	12 ára og yngri, hámarksforgjöf 40,0
Strákaflokkur	13-14 ára, hámarksforgjöf 32,0
Drengjaflokkur	15-16 ára, hámarksforgjöf 20,0
Piltaflokkur	17-18 ára, hámarksforgjöf 15,0

Aldur miðast við almanaksár. Hámarksforgjöf miðast við forgjöf þátttakanda kl. 8:00 morguninn eftir að skráningarfresti lýkur.

Þáttökurétt í flokkum 15-16 ára og 17-18 ára hafa, í þessari röð:

1. Sextán stigahæstu leikmenn á stigamótaröð unglinga þegar skráningarfrestur rennur út. Séu leikmenn jafnir í sæti á stigamótaröðinni telst sá ofar sem náð hefur efra sæti á öðrum stigamótum ársins. Séu leikmenn þá enn jafnir ræður hlutkesti.
2. Aðrir leikmenn með stig á stigamótaröð unglinga þegar skráningarfrestur rennur út. Röð ákvarðast af sætum á stigamótaröðinni. Séu leikmenn jafnir í sæti á stigamótaröðinni telst sá ofar sem náð hefur efra sæti á öðrum stigamótum ársins. Séu leikmenn þá enn jafnir ræður hlutkesti.
3. Aðrir leikmenn sem uppfylla þáttökuskilyrði. Röð ákvarðast af forgjöf kl. 8:00 morguninn eftir að skráningarfresti lýkur. Standi val á milli leikmanna með sömu forgjöf skal hlutkesti ráða.

Þáttökurétt í flokkum 12 ára og yngri og 13-14 ára hafa

leikmenn sem uppfylla þáttökuskilyrði. Röð ákvarðast af forgjöf kl. 8:00 morguninn eftir að skráningarfresti lýkur. Standi val á milli leikmanna með sömu forgjöf skal hlutkesti ráða.

Ákvörðun um teiga skal kynnt í keppnisskilmálum.



Mótsstjórn er heimilt að sameina flokka ef þátttakendur í flokki eru færri en fjórir.

8. gr.

Skyld er að keppnisvöllur sé opinn til æfinga fyrir skráða keppendur í minnst 2 daga fyrir mót. Heimilt er mótsstjórn að takmarka æfingu við eina umferð og skipuleggja rástíma ef með þarf.

9. gr.

Í flokkum 15-16 ára og 17-18 ára er leikin er útsláttarkeppni án forgjafar:

1. umferð: 16 manna holukeppni
2. umferð: 8 manna holukeppni þeirra sem áfram komast
3. umferð: Undanúrslit, 4 manna holukeppni þeirra sem áfram komast
4. umferð: Úrslit, leikur um 3. sæti og úrslitaleikur

Röðun leikmanna í 16 manna úrslitum er samkvæmt skráningarröð þátttakenda í 7. grein í flokkum 15-16 ára og 17-18 ára. Stigahæsti leikmaður á stigamótaröð unglunga leikur við þann stigalægsta (eða leikmanninn með hæstu forgjöf kl. 8:00 morguninn eftir að skráningarfresti lýkur, ef teknir eru inn leikmenn án stiga á stigamótaröðinni), leikmaðurinn með næst flest stig á stigamótaröð unglunga leikur við þann næst stigalægsta (eða leikmanninn með næst hæstu forgjöf kl. 8:00 morguninn eftir að skráningarfresti lýkur, ef teknir eru inn leikmenn án stiga á stigamótaröðinni) o.s.frv.

Ef keppendur í tilteknum flokki eru 8 eða færri er 16 manna úrslitum sleppt og keppendur fara beint í 8 manna úrslit, með sambærilegri röðun og lýst er varðandi 16 manna úrslit.

Í flokkum 12 ára og yngri og 13-14 ára er leið sem hér segir:

1. umferð: högggleikur án forgjafar.
2. umferð: 8 manna holukeppni þeirra sem eftir eru í högggleik. Séu leikmenn jafnir í högggleiknum telst sá ofar sem var með lægsta skor á síðustu 9, 6, 3, 1 holum.
3. umferð: Undanúrslit, 4 manna holukeppni þeirra sem áfram komast
4. umferð: Úrslit, leikur um 3. sæti og úrslitaleikur

Röðun keppenda í leiki og á rástíma er samkvæmt viðauka II.

10. gr.

Mótsstjórn ákveður rástíma og leikröð keppenda og skal hún kynnt ekki síðar en á fyrsta æfingadegi. Verði forföll eftir að leikröð hefur verið auglýst skal leikmanni á biðlista boðið að taka sæti þess sem forfallaðist, en leikröð er ekki ákvörðuð að nýju.

11. gr.

Hljóti keppandi frávísunarvíti í einhverri umferð keppinnar tekur vítið einungis til viðkomandi



umferðar, nema mótsstjórn ákveði annað.

12. gr.

Sigurvegarar hljóta titlana Íslandsmeistarar í viðkomandi flokki í holukeppni.

13. gr.

Að öðru leyti gilda móta- og keppendareglur GSÍ.

Þannig samþykkt af stjórn GSÍ 20. apríl 2026.



VIÐAUKI I

Kröfur um framkvæmd og umgjörð

Eftirfarandi lágmarkskröfur eru gerðar til mótsstjórnar um framkvæmd og umgjörð mótsins.

1. Fánar

Á mótsstað skal flagga a.m.k. íslenska fánanum, fána klúbbsins þar sem mótið fer fram og fána GSÍ. Auk þess skal flagga fánum þátttökuklúbba, ef slíkir fánar eru tiltækir.

2. Ræsing

Fulltrúi mótsstjórnar skal sjá um ræsingu allra ráshópa. Ræsir skal m.a. tryggja að réttir leikmenn séu ræstir út í hverjum ráshópi / hverri viðureign.

3. Móttaka skorkorta

Í höggleik skal vera til staðar afmörkuð aðstoða fyrir leikmenn til að yfirfara og skila skorkortum. Starfsmaður mótsstjórnar skal vera til staðar og aðstoða leikmenn. Starfsmaðurinn skal m.a. bera skor leikmanna undir þá og tryggja að engu sé ábótavant í útfyllingu skors og undirritun skorkorta.



VIÐAUKI II

Röðun í 16 manna úrslitum

Leikur	Röð leikmanns inn í mótið skv. 7. grein	Röð leikmanns inn í mótið skv. 7. grein
1	1	16
2	2	15
3	3	14
4	4	13
5	5	12
6	6	11
7	7	10
8	8	9

Ef þátttakendur eru átta eða færri er 16 manna úrslitum sleppt og keppni hefst með 8 manna úrslitum. Ef þátttakendur eru 9-15 sitja efstu keppendur í skráningarröð skv. 7. grein yfir í 16 manna úrslitum. T.d. ef keppendur eru 13 sitja keppendur númer 1-3 í skráningarröð skv. 7. grein yfir (þar sem þeir áttu að keppa við þátttakendur í sætum 14-16).

Röðun í 8 manna úrslitum

Leikur	Sigurvegari í leik í 16 manna úrslitum	Sigurvegari í leik í 16 manna úrslitum
1	1	8
2	2	7
3	3	6
4	4	5

Röðun í undanúrslitum

Leikur	Sigurvegari í leik í 8 manna úrslitum	Sigurvegari í leik í 8 manna úrslitum
1	1	4
2	2	3